

## Fundargerð

### 291. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 2. september 2020 kl. 9<sup>00</sup>–10<sup>30</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjv.) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Hildur Hauksdóttir (HH)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)  
Lúðvík Gústafsson (LG) vm (BGH)

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

*Samþykkt, án áritunar*

#### 2. Ársreikningur

Fjársýslan hefur sent Úrvinnslusjóði drög að ársreikningi fyrir 2019 og hann lagður fram á fundinum.

Farið var yfir að Fjársýsla ríkisins óskar eftir athugasemdum við ársreikninginn og minnir á að skv. lögum um opinber fjármál á forstöðumaður stofnunar að undirrita ársreikninginn.

ÓK fór yfir að ársreikningurinn er með sömu annmörkum og ársreikningar fyrir árin 2017 og 2018 sem hafa enn ekki verið staðfestir.

Minnt var á að eftirfarandi bókun var gerð vegna ársreiknings 2017 á 255. stjórnarfundi 28. ágúst 2018:

*Stjórn telur sig ekki geta samþykkt ársreikning Úrvinnslusjóðs 2017 þar sem hann stangast á við lög um úrvinnslugjald 162/2002. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna þessa niðurstöðu til Fjársýslu ríkisins.*

*Stjórnarmenn munu upplýsa sína umbjóðendur um stöðu mála og óska eftir aðstoð samtaka sinna við að fá stjórnvöld til að halda óbreyttu fyrirkomulagi vegna innheimtu úrvinnslugjalds líkt og fyrri ár.*

Eftirfarandi var skrifað í fundargerð vegna ársreiknings 2018 á 271. stjórnarfundi 9.júlí 2019

*Stjórn telur sig ekki hafa forsendur til að afgreiða reikninginn.*

Stjórn ræddi að staðan gagnvart uppgjöri sjóðsins er óbreytt frá fyrri árum.

Stjórn samþykkir eftirfarandi varðandi ársreikning 2019:

*Líkt og með ársreikning 2017 og 2018 telur stjórn sig ekki geta samþykkt ársreikning Úrvinnslusjóðs 2019 samkvæmt tillögu Fjársýslunnar þar sem hann stangast á við lög um úrvinnslugjald. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna þessa niðurstöðu til Fjársýslu ríkisins.*

#### 3. Plastumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá PNR. Þar sem óskað er eftir óhreinindaálagi á endurgjald vegna endurvinnslu á plastumbúðum. Jafnframt er óskað eftir að fyrirkomulag sem samþykkt var tímabundið í vor, um greiðslu endurgjalds vegna heyrúlluplasts sem framleitt er inná lager í Þorlákshöfn, eigi einnig við um plastumbúðir og verði gert varanlegt.

Stjórnarmenn ræddu hugmyndir um endurskoðun á fyrirkomulagi vegna plastumbúða og endurgjaldi fyrir endurvinnslu á þeim. Engar mælingar hafa verið gerðar á óhreinindahlutfalli plastumbúða. Rætt var um stöðu PNR sem þjónustuaðila innan kerfis Úrvinnslusjóðs við innsöfnun á plastumbúðum. Rætt var að allir þjónustuaðilar þurfi að geta unnið eftir sömu skilmálum.

Umræðu frestað.

Á síðasta fundi var farið tillögur um breytt fyrirkomulag vegna endurgjalds fyrir blandaðar plastumbúðir frá heimilum sem sendar eru til flokkunar erlendis. Núna miðast endurgjaldið við efni sem sent er til flokkunar. Breytingin felst í að greiða fyrir efni sem fer til endurvinnslu eftir flokkun annars vegar og orkuvinnslu hins vegar.

Farið var yfir á fundinum að þjónustuaðili hefur sent Úrvinnslusjóði greinargerð, sem lögð var fram á fundinum, um ráðstöfun blandaðra plastumbúða frá heimilum með ósk um hækkun á endurgjaldi. ÓK lagði fram á fundinum og fór yfir glærur um tillögur um nýtt fyrirkomulag á greiðslu fyrir endurvinnslu annars vegar og orkunýtingu hins vegar. Bar hann saman endurvinnsluhlutfall í Þýskalandi og Svíþjóð. Farið var yfir núverandi gjaldskrá fyrir alla flokka plastics. ÓK fór yfir að breyta þurfi endurgjaldi fyrir alla flokka til að mæta núverandi ástandi á mörkuðum sem og breyttri notkun á plastfilmu, þar sem hefur orðið aukning á litaðri filmu á kostnað glærrar. Lagt verður til nýtt endurgjald fyrir alla flokka plastics fyrir stjórnarmenn að taka afstöðu til á næsta stjórnarfundi.

#### **4. Rafhlöður**

Á síðasta fundi var lagt fram minnisblað starfshóps um framkvæmd framleiðendaábyrgðar á rafhlöðum og rafgeymum sem notuð eru til að knýja ökutæki áfram. Íris Gunnarsdóttir, sem var fulltrúi Úrvinnslusjóðs í starfshópnum, mætti á fundinn til að kynna minnisblaðið og fara yfir áform ráðuneytisins um næstu skref. ÍG fór yfir og lagði fram glærur á fundinum um afmörkun á ökutækjum sem eru rafknúin. Einnig fór hún yfir væntanlegan kostnað við meðhöndlun á rafhlöðum í nánustu framtíð. Lagt er til að Úrvinnslusjóður taki yfir framkvæmd framleiðendaábyrgðar á rafhlöðunum með möguleika á að einstaka framleiðendur geti rekið eigið ábyrgðarkerfi við meðhöndlun á rafhlöðum. UAR ætlar að breyta lögum um meðhöndlun úrgangs þannig að Úrvinnslusjóður taki við framleiðendaábyrgð. Áætlað er að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi í janúar 2021.

#### **5. Önnur mál**

LHG upplýsti að Úrvinnslusjóður hafi sent erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis er samþykkt var á milli stjórnarfunda, þar sem óskað er eftir breytingum á álagningu úrvinnslugjalds á nokkrum vörflokkum.

Næsti fundur 23. september 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.30